

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.12.2005
HBK/hh

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1988, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1988, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.


Frumvarpið miðar að því að lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu taki einnig til rannsókna á vatnsafla til raforkuframleiðslu. Af því leiðir að hægt verður að sækja um rannsóknarleyfi á vatnsafla til raforkuframleiðslu en samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er eingöngu gert ráð fyrir að sótt verði um virkjunarleyfi.

Orkuveita Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við framlagningu frumvarpsins eða efni þess og telur til bóta að hægt verði að sækja um rannsóknarleyfi á vatnsafla til raforkuframleiðslu. Af því leiðir að hægt verður að sækja um rannsóknarleyfi með forgang til nýtingar og síðan virkjunarleyfi leiði athugnanir í ljós að hagkvæmt sé að virkja vatnsafla til raforkuframleiðslu.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 hafi samkeppni í vinnslu raforku verið innleidd hér á landi. Rétt er að vekja athygli á að samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu veitir iðnaðarráðherra rannsóknarleyfi og leyfi til nýtingar. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi. Iðnaðarráðherra er einnig yfirmaður Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt lögum 58/1967 og fer með hlut ríkisins í Landsvirkjun og skipar þar formann stjórnar samkvæmt lögum nr. 42/1983.

Orkuveita Reykjavíkur er þeirrar skoðunar að það samræmist engan veginn samkeppnissjónarmiðum raforkulaganna eða almennum sjónarmiðum um jafnræði og gegnsæi að yfirmaður tveggja raforkufyrirtækja á samkeppnismarkaði veiti einnig leyfi til rannsókna og nýtingar. Gera þarf breytingar á lögnum og færa leyfisveitingar til annars aðila sem er óháður iðnaðarráðherra, ráðneyti hans og undirstofnunum.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.